



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Mikilvæg atriði

- Jóladagskráin tilbúin.
- Skólavinir í Áslandsskóla.
- Frábær Marita fræðsla þótt mætinga hefði mátt vera betri.
- Könnun um líðan nemenda lögð fyrir.
- Starfsmenn á ferð og flugi á skipulagsdegi.
- Rithöfundar heimsækja skólann.
- Kennsla á fullveldisdaginn með óhefðbundnum hætti.
- Fundaskipulag fylgjir Flórgoðanum.
- Niðurstöður samræmdra prófa komnar.
- Viðbótartímar í heilsdagsskóla 18. og 19. des verður að greiða fyrir og panta fyrir 16. desember.

Könnun á líðan nemenda

Könnun á líðan nemenda í skólanum var lögð fyrir á dögunum. Kannanir sem þessar eru frábært tæki fyrir alla nemendavernd í skólanum. Tæki sem ekki eru ómerkilegri en próf og mælingar á námsframmistöðu nemenda. Ein könnun var lögð fyrir nemendur í 1.—3. bekk og önnur eilítið stærri fyrir nemendur í 4.-9. bekk.

Kennarar og aðrir starfsmenn, s.s. Nemendaverndarráð, hafa verið að vinna úr þessum könnunum undanfarna daga. Haft verður samband við forráðamenn þeirra nemenda þar sem könnunin gefur vísbendingar um að mál séu að próast með neikvæðum hætti.

Hættu áður en þú byrjar !

Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í unglingsdeild

Að kveldi miðvikudagsins 19. nóvember var fundur fyrir foreldra og forráðamenn nemenda í unglingsdeild. Á fundinn kom Magnús Stefánsson fræðslufulltrúi Marita á Íslandi en auk hans kom Helgi Gunnarsson, lögreglumaður og Páll Ólafsson frá Félagsþjónustinni í Hafnarfirði. Þá fluttu fulltrúar nemenda, Gunnar Ragnarsson og Anna Lovísa Guðmundsdóttir, frábær erindi. Myndin Hættu áður en þú byrjar var sýnd og að sýningu lokinni voru umræður og fyrirspurnir. Á fundinum gafst foreldrum/forráðamönnum gott tækifæri til að fá upplýsingar um einkenni neyslu, hvernig bregðast skuli við ef grunur er um neyslu, hvert hægt er að leita o.s.frv. Nemendur bökuðu kökur undir stjórn Auðar Óskarsdóttur, sem bornar voru fram í kaffihléi. Gerður var góður rómur að bakstri nemenda, eitthvað sem kann að nýtast vel í jólabakstrinum á komandi vikum.

Alls mættu forráðamenn 21 nemanda af 44 nemendum í unglingsdeild á fræðslukveldið eða um 47% mæting. Slíkt getur ekki talist viðunnandi. Áslandsskóli og um leið allt hverfið í Áslandi og á Völlum er í hraðri uppbyggingu. Því höfum við einstakt tækifæri til að virkja forvarnir eins og þær eru hugsaðar. Þ.e. vera ekki skrefinu á eftir heldur á undan. Hættum ekki að sýna börnum okkar áhuga þegar þau komast á unglingsárin.

Þeim forráðamönnum sem sáu sér fært að mæta þökkum við fyrir ánægjulega kvöldstund.

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum / sjálfri mér og öðrum.




Fundaáætlun fram yfir áramót

*Nemendaverndarráð
fundar vikulega.*

*Eineltisráð fundar aðra
hverja viku.*



*Í skólastjórn sitja
skólastjóri og
aðstoðarskólastjóri,
stigstjórar og kjörnir
fulltrúar kennara í
kennararáði.*



Dagur	Dags	Klukkan	Hvar	Fundur
Mán	24.11.2003	12:30	Snjallheimar	Nemendaverndarráð
Mán	24.11.2003	13:45	Kaffistofa	Kennarafundur
Þri	25.11.2003			
Mið	26.11.2003	15:00	Fundarherbergi	Skólastjórn
Fim	27.11.2003			
Fös	28.11.2003		Hrafnagil / Þelamörk	
Lau	29.11.2003			
Sun	30.11.2003			
Mán	1.12.2003	12:30	Snjallheimar	Nemendaverndarráð
Mán	1.12.2003	13:45	Skóli	Stigsfundir
Þri	2.12.2003			
Mið	3.12.2003	10:00	Fundarherbergi	Aðrir starfsmenn
Mið	3.12.2003	15:00	Fundarherbergi	Skólastjórn
Fim	4.12.2003			
Fös	5.12.2003	13:00	Fundarherbergi	Eineltisráð
Lau	6.12.2003			
Sun	7.12.2003			
Mán	8.12.2003	12:30	Snjallheimar	Nemendaverndarráð
Mán	8.12.2003	13:45	Kaffistofa	Kennarafundur
Þri	9.12.2003			
Mið	10.12.2003	15:00	Fundarherbergi	Skólastjórn
Fim	11.12.2003			
Fös	12.12.2003			
Lau	13.12.2003			
Sun	14.12.2003			
Mán	15.12.2003	12:30	Snjallheimar	Nemendaverndarráð
Mán	15.12.2003	13:45	Skóli	Stigsfundir
Þri	16.12.2003			
Mið	17.12.2003	15:00	Fundarherbergi	Skólastjórn
Fim	18.12.2003			
Fös	19.12.2003	13:00	Salur	Starfsmannafundur
Jólaeyfi				
Mán	5.1.2004	12:30	Snjallheimar	Nemendaverndarráð
Mán	5.1.2004	13:45	Kaffistofa	Kennarafundur
Þri	6.1.2004			
Mið	7.1.2004	15:00	Fundarherbergi	Skólastjórn
Fim	8.1.2004			
Fös	9.1.2004	13:00	Fundarherbergi	Eineltisráð
Lau	10.1.2004			
Sun	11.1.2004			

Skólavinir í Áslandsskóla


Áslandsskóli mun á næstunni taka upp nýjar leiðir varðandi gæslu á leikvelli í frímínútum.

Eldri nemendur munu gerast svokallaðir skólavinir yngri nemenda. Nemendur í unglingadeild, Jötunheimar og Garpheimar, verða yngri nemendum til aðstoðar í frímínútum kl. 9:30 og gerast skólavinir þeirra.

Skólavinir eru sérstaklega aðgreindir í sérmerktum úlpum

og geta þeir yngri leitað til þeirra með aðstoð í frímínútum.

Úlpurnar eru gjöf Regnbogabarna til skólans og eru hluti af sérstöku átaki sem Regnbogabörn standa fyrir í samvinnu við grunnskóla.



Niðurstöður samræmdra prófa

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk hafa nú borist í skólann.

Hægt væri að rita hér langa grein um tilgang og markmið samræmdra prófa, lasta þau eða lofa. Til að gera langa sögu stutta finnst okkur í Áslandsskóla könnunin um líðan nemenda í skólanum merkilegri og mikilvægari.

Í báðum árgöngum var prófað í íslensku og stærðfræði.

4. bekkur

<i>Íslenska</i>	5,1	6,7
<i>Stærðfræði</i>	4,9	7,1

7. bekkur

<i>Íslenska</i>	4,9	7,4
<i>Stærðfræði</i>	4,6	7,2

Fyrri einkunn er raðeinkunn.

Síðari einkunn er meðaleinkunn.

Nánar um einkunnir á www.namsmat.is

Skipulagsdagur föstudaginn 28. nóvember

Á skipulagsdeginum, föstudaginn 28. nóvember, halda starfsmenn Áslandsskóla norður yfir heiðar.

Flogið verður til Akureyrar árla morguns og haldið þaðan í Hrafnagilsskóla.

Þar mun Karl Frímansson skólastjóri taka á móti okkur. Meginþemað í heimsókn okkar

í Hrafnagilsskóla verður lífsleikni en skólinn hefur unnið áhugavert starf í þeirri námsgrein.


Starfsmenn dvelja í Hrafnagilsskóla fram yfir hádegi og snæða þar hádegisverð.

Eftir hádegi höldum við í Þelamerkurskóla en þar stýrir búi Anna Lilja Sigurðardóttir

sem starfaði sem sérkennari í Áslandsskóla um skeið sl. vor.

Á Þelamörk verður áhersla lögð á samlestur í árgöngum og útiskóla. Dvalið verður í Þelamerkurskóla frá hádegi og fram eftir degi.

Ekki er vafi að námsferð sem þessi mun hjálpa til við eflingu Áslandsskóla.



Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var sunnudaginn 16. nóvember sl.

Af því tilefni hafa rithöfundar komið í skólann síðustu misseri og lesið úr bókum sínum fyrir nemendur skólans.

Sigrún Eldjárn las fyrir nemendur á yngsta stigi, Þorgrímur Þráinsson fyrir nemendur í miðstigi og Ragnar

Gíslason fyrir nemendur á unglingastigi.

Verk nemenda hafa einnig verið sett á veggpláss í miðrymi skólans í kringum aðalinngang.

Forráðamenn eru hvattir til að kíkja í skólann og virða fyrir sér glæsileg verk nemenda, unnin í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Fullveldisdagurinn

Vegna breytinga á skipulagsdegi þegar hann var færður frá 1. desember til 28. nóvember verður kennsla á fullveldisdaginn, mánudaginn 1. desember.

Kennsla verður þó með nokkuð breyttu sniði. Allir nemendur skólans vinna saman að ratleik sem settur verður upp við skólann og næsta nágrenni

hans. Aldurshópum verður blandað þannig að nemendur í 1. bekk og 9. bekk lenda saman í liði ásamt árgöngum þar á milli.

Nokkrar stöðvar eru utan skólalóðar og viljum við því biðja forráðamenn sem treysta ekki börnum sínum að fara út fyrir skólalóðina að hafa samband við umsjónarkennara.

Jólahald í Áslandsskóla



Í vikunni 1. – 5. desember

Nemendur útbúa jólaskraut og skreyta húsnæði skólans

Í vikunni 8. - 12. desember

Nemendur útbúa jólakort og eitthvað jóla-jóla til að fara með heim. Kortin útbúin í tímum hjá umsjónarkennara, ákveðin tímafjöldi pr. bekkur, verkið afmarkað og mikil áhersla á vandvirkni. Nemendur koma sjálfir með aukapenna og þess háttar.

Fimmtudagur 18. desember 2003 (sveigjanlegt skólastarf)

1.– 4. bekkur:

Skóladagur frá 8:10 – 11:30

Nemendur í 1. og 2. bekk sýna leikrit frá 8:10-9:30, frímínútur, heimastofa til 11:10, matur, heim.

Nemendur í 3. og 4. bekk byrja í heimastofu 8:10, frímínútur, sýningar á sal 9:50-11:10, matur, heim.

Heilsdagsskóli opinn frá 11:30/ 11:50 – 17:30.

Hægt að skrá börn í aukadvöl gegn greiðslu fyrir 16. desember.

5. – 9. bekkur:

Skóladagur frá 10:30 – 13:30

Nemendur byrja í heimastofu 10:30-11:30, matur 11:30-11:50, sýningar á sal 11:50-13:30, heim.

6. og 7. bekkir sýna leikrit

8. og 9. bekkir með t.d. upplestur

5. bekkur er ekki með dagskrá í dag vegna helgileiks.



Föstudagur 19. desember (sveigjanlegt skólastarf)

Litlu jól eru haldin á sal skólans.

Dagskráin hefst með helgileik sem 5. bekkur flytur. Síðan er dansað í kringum jólatré og sungið við píanóundirleik.

Stofujól heldur hver bekkur með sínum umsjónarkennara. Á stofujól mega nemendur koma með kökur og gos (**alls ekki sælgæti**) og kerti sem er **vel varið** (t.d. sprittkerti í glerkruku).

Ákveðið hefur verið að hafa ekki hefðbundna pakkaleiki á stofujólum. Þess í stað hvetjum við nemendur til að mæta með að lágmarki kr. 200.- í lokuðu umslagi. Þetta verður gert í öllum bekkjum skólans og meðal starfsmanna. Sú fjárhæð sem safnast saman mun renna til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar og verður afhent í lok litlu jóla 5.-6. bekkja skólans.

1. – 2. bekkur	alls 84 nemendur	litlu jól 9:00-10:00	stofujól 10:00-11:00
3. – 4. bekkur	alls 90 nemendur	stofujól 9:00-10:00	litlu jól 10:00-11:00
5. – 6. bekkur	alls 61 nemandi	stofujól 10:00-11:00	litlu jól 11:00-12:00
7. bekkur	alls 40 nemendur	stofujól 10:00-11:00	jóladískó fimmtudag 17:00-19:30
Unglingadeild	alls 44 nemendur	stofujól 10:00-11:00	jóladískó fimmtudag 20:00-23:00

Heilsdagsskóli opinn frá kl. 8:00 – 17:30 Hægt að skrá börn í aukadvöl gegn greiðslu.

Hægt að skrá börn í aukadvöl gegn greiðslu fyrir 16. desember.

Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri